

## MENNING

# „Engilfoss“ í kór Hallgrímskirkju

Eftir Guðrúnu Birnu Kjartansdóttur  
gudrunbirna@mbl.is

Í kór og anddyri Hallgrímskirkju eru til sýnis verk eftir Guðbjörgu Lind Jónsdóttur. Sýningin er sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Á sýningunni beinir hún sjónum sínum að vatninu sem trúarlegu tákni en hún hefur unnið mikið með vatn og sérstaklega fossa í verkum sínum. Undanfarið hafa verkin þróast og breyst að sögn Guðbjargar en vatn kemur alltaf við sögu í einhverri mynd.

Myndirnar eru byggðar á ímynduðu landslagi sem Guðbjörg segir að eigi oft upptök sín á Vestfjörðum en hún er fædd og uppalin á Ísafirði. „Ræturnar verða einhvern veginn sterkari þegar maður eldist og það sést á myndunum,“ útskýrir Guðbjörg. Hún segist hafa ferðast mikið um Vestfirðina undanfarin ár og áhrif landslagsins þar og tengslin við sjóinn sjást vel þegar að er gáð.

## Frá gotneskri kirkju á Spáni til Hallgrímskirkju

Verkin í anddyri kirkjunnar vann hún sérstaklega fyrir sýninguna og að sögn Guðbjargar Lindar var kirkjan sjálf og kyrrðin henni ofarlega í huga við vinnuna: „Það halda flestir sem koma hérna inn að verkin í kórnum hafi líka verið unnin sérstaklega fyrir þessa sýningu en svo er reyndar ekki. Verkið var unnið fyrir svipaðar aðstæður þar sem hátt er til lofts og rýmið andlegt eins og hér



Guðbjörg Lind Jónsdóttir: „Ég er glöð að fá tækifæri til að sýna hérna í kirkjunni.“

í kirkjunni þannig að það er ekki skrítið að fólk haldi þetta,“ segir Guðbjörg. Í kór kirkjunnar hefur verið komið fyrir verkinu Engilfoss en það var sérstaklega unnið sem altariastafla fyrir sýningu í gotneskri klausturkirkju, San Domingos de Bonaval, í Sanitago

de Compostella á Spáni árið 2002. Kirkjan hefur verið afhelguð að hluta og er notuð sem sýningarsalur borgarinnar en kirkjan er beint á móti Nútímalistasafni borgarinnar og Guðbjörg segir þar takast einstaklega vel aðlögun þess nýja að hinu gamla. Guð-

björg sýndi í kirkjunni ásamt tveimur öðrum íslenskum listamönnum og var sýningin í tengslum við menningarborgarar Reykjavíkur.

Þegar Guðbjörg var að vinna að sýningunni í Hallgrímskirkju kom upp hugmynd um að setja Eng-

ilfoss í kór kirkjunnar, á svipaðan hátt og gert var á Spáni. Þeirri hugmynd var vel tekið af aðstandendum sýningarinnar. „Ég er mjög sátt við viðtökurnar og hef fengið góð viðbrögð frá fólki bæði sem starfar hér í kirkjunni og frá öðrum en gríðarlegur fjöldi fólks kemur í kirkjuna,“ segir Guðbjörg. Hún segist hafa vitað af kyrrðinni sem fólk finnur í kirkjunni en lífleg starfsemi í kringum kirkjuna kom henni samt skemmtilega á óvart.

## Óvenjuleg staðsetning

Staðsetning verksins er óvenjuleg og ekki oft sem verk sem þessi fá að prýða kór kirkju en að sögn Guðbjargar hefur fólk sýnt verkinu mikinn áhuga. „Þegar ég var að setja sýninguna upp komu hingað erlendir blaðamenn og þeir spurðu einmitt hvort verkið væri ekki komið til að vera,“ segir Guðbjörg um viðbrögðin og hlær við. En sýningin stendur fram í miðjan ágúst og því einungis um tímabundna breytingu að ræða.

„Ég er glöð að fá tækifæri til að sýna hérna í kirkjunni,“ segir Guðbjörg um sýningarstaðinn. Hún heldur áfram og talar um langa hefð fyrir samstarfi listamanna og kirkju.

## Samsýning í gallery 100°

Næst á dagskrá hjá Guðbjörgu er fyrirhuguð samsýning í gallery 100° í samstarfi við Orkuveitu Reykjavíkur og þar er viðfangs-efnið straumar og á það vel við listakonuna sem svo heilluð er af vatni, fossum og fegurðinni sem þar er að finna.